

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 18/2022

2022/EES/42/18

frá 4. febrúar 2022

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1226 frá 21. desember 2020 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB, að því er varðar sameiginlegar matsaðferðir fyrir hávaða, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 32g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 L 1226:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1226 frá 21. desember 2020 (Stjtið. ESB L 269, 28.7.2021, bls. 65).“*2. gr.*Texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2021/1226, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. febrúar 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 269, 28.7.2021, bls. 65.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.